



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykólahrepps
Miðvikudaginn 9. janúar 2013, kl. 16.00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Karl Kristjánsson og Ingvar Samúelsson. Einnig sat fundinn Anna Greta Ólafsdóttir skólastjóri, Steinunn Rasmus fh. kennara grunnskólasviðs, Katla Tryggvadóttir fh. foreldrafélag leikskólasviðs, Eyvindur Magnússon foreldrafélag grunnskólasvið og Ingibjörg B Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Eiríkur bauð fólk velkomið og óskaði eftir því að eitt mál yrði tekið til kynningar undir önnur mál á fundinum og var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. **1212001 - Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 12. nóvember 2012.**

Nefndin fór yfir fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

2. **1301011 - Mánaðarskýrsla skólastjóra.**

Skólastjóri leggur skýrslu fram á fundi.

Skólastjóri lagði fram og fór yfir mánaðarskýrslu Reykólaskóla.

3. **1301012 - Agavandamál í Reykólaskóla.**

Erindi skólastjóra.

Skólastjóri fór yfir erindið, þar sem farið var yfir atvik í Reykólaskóla og úrræði því tengdu. Nemendaverndaráð hefur fjallað um málið. Áður hafði nefndinni borist tilkynning skólastjóra um málið með bréfi dagsettu 11. desember 2012 og er það skráð í trúnaðarmálabók ásamt öðru bréfi dagsettu 12. desember.

4. **1301013 - Verklagsreglur vegna skólaakstur.**

Erindi skólastjóra.

Skólastjóri fór yfir erindið, þar sem hún óskar eftir því að útbúnar verði verklagsreglur vegna skólaaksturs. Þar sem tekið er á forgangi barna í skólabíl og fl. Formaður lagði til að unnin verði drög að verklagsreglum fyrir næsta fund nefndarinnar, skólastjóri vinnur tillögu að reglunum. Samþykkt samhljóða.

5. **1301014 - Starfsmannamál, breytingar.**

Erindi skólastjóra.

Skólastjóri fór yfir þær breytingar sem orðið hafa á starfslíði skólans.

6. **1211011 – Námsvist utan lögheimilissveitarfélags.**

Svar Skólaskrifstofu Garðabæjar dagsett 4. desember 2012.

Nefndin samþykkir erindið samhljóða.

Önnur mál (ef einhver):

- 7. 13010015 – Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kí vegna Félags leikskólakennara dags. 15. nóvember 2012.**

Kynnt.

Fundargerð lesin, fundi slitið 17:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____